

**152. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
20. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2005059 - Barnvænt sveitarfélag- sveitarfélag með réttindi barna að leiðarljósi

Sameiginlegur fundur með skóla- og frístundaráði varðandi erindisbréf fyrir stýrihóp verkefnisins.

Bára Daðadóttir formaður skóla- og frístundaráðs, Sandra M. Sigurjónsdóttir varaformaður skóla- og frístundaráðs, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður skóla- og frístundaráðs, Valgerður Janusardóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs komu inn á fundinn undir þessum lið.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir erindisbréfið og vísar afgreiðslu í bæjarráðs.

2. 2011027 - Reglur um akstursþjónustu fyrir aldraða

Drög að endurskoðun á reglum um ferðaþjónustu við aldraða liggja fyrir.

Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri sat fundinn undir þessu máli.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða til umsagnar í Öldungaráði.

3. 2009212 - Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Drög að reglum um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk liggja fyrir ásamt umsögn notendaráðs fatlaðs fólks.

Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri sat fundinn undir þessu máli.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar drögum að reglum um akstursþjónustu til notendaráðs fatlaðs fólks til umsagnar.

4. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Á fundi stýrihóps félagsmálaráðuneytisins um þátttöku barna af efnaminni heimilum í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi var ákveðið að framlengja umsóknarfrest um sérstaka íþrótt- og tómskundastyrki til 31. júlí 2021. Í reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum kemur fram í 1. grein að umsóknir skulu berast fyrir 15. apríl 2021.

Sviðsstjóri leggur til að breyting verði gerð á 1. grein þess efnis að umsóknarfrestur verði framlengdur til 31.júlí 2021.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi breytingu. Velferðar- og mannréttindaráð vísar reglunum til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, SK og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.